

Aftakaverður dagana 10. – 12. desember 2019 á Norðurlandi eystra

Samantekt frá sveitarfélögum á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), þ.e. frá Fjallabyggð til Langanesbyggðar.

Dagana 9. til 15. desember var lýst yfir óvissustigi almannavarna vegna óveðurs á Norðurlandi eystra. Tvær aðgerðastjórnir voru virkjaðar á svæðinu, á Akureyri og Húsavík, ásamt Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð. Undirbúningur í aðdraganda veðursins að hálfu viðbragðsaðila, Veðurstofu, Vegagerðar ofl. varð til þess að ekki voru mannlíf í hættu þessa daga að undanskildu hörmulegu dauðaslysi sem varð í Núpá. Teknar voru ákvarðanir um aðgerðir miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á hverjum tíma. Verðrið varð töluvert verra á þessu svæði en spár höfðu gert ráð fyrir. Flest sveitarfélög búa yfir viðbragðsáætlun og skipa vettvangsstjórnir. Hins vegar var enginn undirbúin undir svona langvarandi vont veður, rafmagnsleysi og ófærð, en það er eitthvað sem þarf að undirbúa byggðarlög betur undir. Margir bjuggu við langvarandi einangrun án fjarskipta, hita og rafmagns. Ljóst er að skerpa þarf á hlutverki allra viðbragðsaðila sem koma að almannavarnarástandi fyrir hönd sveitarfélaga og virkja vettvangsstjórnir. Aðkoma heimamanna þarf að vera með skýrari hætti.

Þessi samantekt er unnin upp úr gögnum frá sveitarfélögum, en mikill samhljómur var í upplýsingum sem bárust. Hér verður farið yfir aðal atriðin en nánari útlitun hvers sveitarfélags er að finna í meðfylgjandi vinnugögnum frá þeim. Það skal sérstaklega tekið fram að vinnugögn frá einstaka sveitarfélögum eru ætluð átakshópnum í sinni vinnu og óheimild að birta þau opinberlega nema að fengnu leyfi þeirra.

Raforka

Að einhverju leiti voru raforkufyrirtækin búin að undirbúa sig fyrir veðrið og virtust meðvituð um það ástand sem gæti skapast. Vinnuflokkar og varaafstöðvar voru sendir á þá staði sem taldir voru í sérstaklega veikri stöðu. Hins vegar varð vandinn töluvert meiri en reiknað var með og línur sem höfðu verið taldar öruggar brugðust.

Tryggja þarf afhendingaröryggi á svæðinu og framboð raforku. Rarik hefur áætlanir um lagningu á öllu dreifikerfinu sínu í jörð en ljóst er að flýta þarf því ferli en það hafði komið í veg fyrir langtíma rafmagnsleysi víða í dreifbýli, og er jafnframt oft besta leiðin til að tryggja ótrufluð fjarskipti. Þess má geta að lengst varði rafmagnsleysið á Tjörnesi en þar fór rafmagnið af um hádegisbil þriðjudaginn 10. desember og kom ekki fyrr en síðdegis sunnudaginn 15. desember. Koma þarf á tveim tengingum (N-1) á afhendingarstaði raforku en að öðrum kosti tryggja varaafll. Dalvík hefur aðeins eina tengingu frá Akureyri en sú lína fór mjög illa í veðrinu, auk þess sem raforkuframleiðsla frá Skeiðsfossi brast og þar með missti Dalvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður rafmagn ásamt sveitum. Þegar kom í ljós að um langtíma rafmagnsleysi væri að ræða var varðskipið Þór fengið til að framleiða inná kerfið við Dalvíkurhöfn en það hefði ekki verið hægt nema fyrir nýtt spennivirki á nýjum hafnarkanti á Dalvík. Það er því ekki gefið að á öllum stöðum sé hægt að tengja varðskipið inn á kerfið þar sem skipið vantar spennu. Kópaskerslína varð illa úti í veðrinu en ráð hafði verið gert fyrir því og varaafll var komið á staðinn áður en veður skall á. Tvítenging til Þórshafnar er ekki á framkvæmdaráætlun Landsnets. Til að bæta afhendingaröryggi á svæðinu austan Húsavíkur og tryggja atvinnustarfsemi á svæðinu nægjanlegt afl er nauðsynlegt að hringtengja svæðið með því að byggja upp flutningskerfið frá Kópaskeri um Þórshöfn og til Vopnafjarðar. Með því væri allt svæðið með tvöfalda tengingu (N-1). Einnig þarf að skoða sérstaklega að styrkja núverandi Kópaskerslínu á þeim köflum sem hún verður fyrir mestu veðurálagi.

Vísað er hér beint í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku:

Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá skulu möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna. Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggir að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggir að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis.

Uppbygging flutningskerfi raforku þarf að gerast hraðar en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Flutningskerfið á Norðurlandi er elsti hluti byggðalínunnar og engan vegin í takt við nútíma kröfur. Vinna við Blöndulínu 3 (frá Blöndu að Rangárvöllum) hefur staðið í 15 ár og er nú aftur á byrjunarreit og á leið í umhverfismat. Andstaða landeigenda er þar helsta fyrirstaðan og því skýr krafa að því ferli verði hraðað eins og kostur er. Einnig þarf að skoða hvort ekki megi einfalda ákvörðunartökuferli og auðvelda ákvarðanatöku þegar kemur að mikilvægum innviðum og öryggismálum. Í framhaldi af þeirri framkvæmd mætti hugsa sér að eldri lína (Rangárvallalína 1) klári líftíma sinn á þessari leið en jafnframt yrði ný lína reist sem færi út fyrir Tröllaskaga og tengdi þar sama svæði úr annarri átt í gegnum Fjallabyggð og Dalvík. Þar með væru komnar tvær tengingar um Tröllaskaga. Smávirkjanir reyndust ekki vera sá öryggisventill sem menn treystu á fyrir margar sakir m.a. vegna veikleika í flutnings- og dreifikerfinu og krapa.

Öll sveitarfélög komu skýrt inn á nauðsyn varafls. Mikilvægt er að skilgreina hvaða stofnanir/fyrirtæki þurfa varaafli og hver á að bera kostnaðinn við það. Í minni samfélögum væri líklega vænlegra að hafa eina varaaflostöð sem myndi þjóna þeim aðilum sem nauðsynlega þurfa varaafli. Nútímasamfélag er mjög háð rafmagni t.d. fjarskipti, veitur og húshitun, en einnig til dæmis dælur fyrir eldsneyti sem margir lentu í vandræðum með. Ljóst er að tryggja þarf varaafli fyrir fjarskipti því ljóst er að það olli töluverðum vandræðum þessa daga. Slíkt skapar ekki aðeins hættu fyrir íbúa heldur einnig vegfarendur og björgunarfólk í þessu tilfelli. Hér má athuga hvort ekki sé rétt að setja inn í reglugerðir að afgreiðslustöðvar eldsneytis séu þannig búnar að mögulegt sé að koma við handvirkum dælubúnaði í neyð.

Flestar heilbrigðisstofnanir búa yfir varaafli en þó ekki allar og kom nauðsyn varafls skýrt í ljós. Nú dvelur enn meira af öldruðu og veiku fólki heima en áður gerði. Fólk sem þarf jafnvel að fá nokkrar heimsóknir á daga, þar skapaðist mikill vandi vegna óveðurs og ófærðar.

Þau svæði og þær stofnanir sem telja sig í veikri stöðu og mjög hætt við rafmagnstruflunum hafa lagt í mikinn kostnað við að koma sér upp varaafli. Því fylgir einnig kostnaður við viðhald og endurnýjun á eldsneyti. Hér vaknar aftur sú spurning hver á að bera kostnað af varaafli og hverjir eiga að hafa aðgang að því?

Mikil neyð skapaðist á stórum kúabúum sem ekki voru með varaafli, björgunarsveitir settu þau í forgang og útveguðu varaaflostöðvar og rafvirkja og þeim komið á staðinn.

Áformum Landsnets um yfirbyggingu spennivirkja þarf einnig að hraða en mikil vandræði sköpuðust vegna seltu og ísingar spennuvirkja í veðrinu í desember. Sérstakt umhugsunarefni er spennivirkni í Hrutatungu en útsláttur í því olli víðtæku og langvarandi straumleysi í landshlutanum.

Ljóst er að mikið álag var á viðbragðsaðilum í langvarandi rafmagnsleysi, óveðri og ófærð. Slíkt álag dregur úr afköstum og ýtir undir að mistök geti orðið. Ekki verður dæmt um slíkt en vísað til upplýsinga frá Svalbarðshrepp.

Fjarskipti/samskipti

Líkt og fram hefur komið eru fjarskipti háð raforku og því mikilvægt að tryggja þeim varaafli. Fjarskiptafyrirtækin voru ekki meðvituð um þá hættu sem gæti skapast við aðstæður sem þessar. Þegar rafmagn fer af sendum dugar varaafli oftast í aðeins í skamman tíma. Þegar aðstæður sem þessar skapast ber fjarskiptafyrirtækjum skylda til að opna senda sína en það virðist ekki hafa virkað á stórum svæðum. Skoða þarf hvort sjálfkrafa opnun senda fjarskiptafyrirtækja ætti að eiga sér stað þegar almannavarnaástandi er lýst yfir? Almenn áhugaleyzi virtist einnig einkenna fjarskiptafyrirtækin til að viðhalda varaafli á sendum, mikið var í húfi því margir reiða sig eingöngu á GSM kerfið.

Ljósleiðarakerfið er tilgangslaust þegar rafmagnið fer af enda háð rafmagni sem gerir GSM kerfið enn mikilvægara. Skilgreina þyrfti GSM kerfið sem hluta af almannavarnakerfinu því það er eina fjarskiptasambandið sem allir hafa aðgang að og eina leiðin til að hafa samband við íbúa í dreifðum byggðum.

Fram komu einnig áhyggjur sveitafélaga af Tetra kerfinu og nauðsyn þess að endurskoða öryggi þess.

Upplýsingagjöf

Í ástandi sem þessu er upplýsingargjöf gríðarlega mikilvæg og nauðsynlegt að íbúar svæða sem búa við einangrun geti fengið upplýsingar. Útsendingar RUV náðust ekki á langbylgju á öllum stöðum en almannavarnahlutverk RUV er eitt af skilgreindum hlutverkum þess. Vísað var á heimasíðu RUV sem er ekki ásættanlegt í þessu ástandi. Tryggja þarf samfellu í upplýsingagjöf í gegnum Rás 1.

Samgöngur

Vegagerðinni er hrósað mikið fyrir að gera sitt besta og opna um leið og hægt var. Þó er nauðsynlegt að huga að hjáleiðum þar sem vegir liggja um snjóflóðasvæði. Í því samhengi er sérstaklega aðkallandi að koma upp hjáleið vestan Ljósavatns þar sem Þjóðvegur 1 um Ljósavatnsskarð er lykil tenging innan svæðisins.

Framleiðslufyrirtæki á svæðinu og þeir aðilar sem nauðsynlega þurfa að komast yfir heiðar hafa nefnt hvort möguleiki sé á opnun yfir heiðar í fylgd Vegagerðar (neyðaropnun) líkt og þekkist til dæmis í Noregi. Slíkt skiptir framleiðslufyrirtæki miklu á svæðinu, sérstaklega þegar veður geisa í svona langan tíma.

Sjaldan er það svo að ófært sé milli landshluta bæði í lofti og landi í lengri tíma líkt og gerðist þessa daga. Innanlandsflug er lífæð svæðisins og þjónar sem hluti af almenningssamgöngukerfi (nauðsyn þess að skilgreina innanlandsflug sem almenningssamgöngur) landsins og er mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggi. Uppbygging og viðhald flugvalla hefur verið vanrækt um langt skeið og kemur það niður á allri þjónustu og öryggishlutverki. Tryggja þarf að flugvellir á svæðinu séu í stakk búnir að sinna neyðartilvikum við þær aðstæður sem sköpuðust og á það bæði við um núverandi áætlanarflugvelli en einnig flugvelli sem vegna

staðsetningar er mikilvægt að hafa aðgengilega. Sjúkraflug um Akureyrarflugvöll hefur aldrei verið meira, auk þess sem flugumferð yfir Íslandi hefur aldrei verið meiri en síðast í nóvember þurftu þotur að lenda á Akureyri vegna óhapps á Keflavíkurflugvelli. Við gerð viðbragðsáætlana við náttúruvá spilar Akureyrarflugvöllur stórt hlutverk og þarf því að geta tekið við miklum fjölda flugvéla lokist skyndilega á Keflavík.

Það getur verið erfitt að setja sig inn í aðstæður annarra og þá sérstaklega aðstæður sem eru manni fjarri og framandi eins og kom upp þessa daga þegar margir sveitabærir urðu algjörlega sambandslausir og einangraðir vegna veðurs og ófærðar, rétt er að vísa hér beint í gögn Tjörneshrepps. Mörg sveitarfélög nefndu nauðsyn þess að færa höfuðstöðvar Rarik út á land og efla þar vinnuflokka enda starfsemi fyrirtækisins fyrst og fremst á landsbyggðunum. Efla þarf fámennar starfsstöðvar á landsbyggðunum sem gegna lykil hlutverki við þessar aðstæður, auk þess sem krafa er um varalager t.d. á Norðurlandi til að bregðast megi hraðar við áföllum sem þessum.

Mikið þrekvirki var unnið af viðbragðsaðilum, sterk samstaða viðbragðsaðila og samfélaga skipta hér lykil máli, öflugar björgunarsveitir skipta sköpum. Það er þó umhugsunarefni að opinber fyrirtæki sem eiga að byggja upp og reka grunninnviði samfélagsins skuli í raun treysta á vinnu sjálfboðaliðasamtaka til að tryggja rekstur þeirra innviða og við þær aðstæður sem sköpuðust.

Að lokum: Alvarlegir veikleikar komu fram í raforkuinnviðum svæðisins og setja þarf í forgang áætlanir um uppbyggingu þeirra. Tryggja þarf varaafli á fjarskiptasendum sem er forsenda allra aðgerða í almannavarnaástandi. Einnig þarf að tryggja samfellu í upplýsingagjöf í gegnum RUV og það sé eitthvað sem almenningur getur gengið að sem vísu.